

# Hreyfing og hrynjandi, tónlistarefni fyrir leikskólabörn

Ragnheiður Þóra Kolbeins



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu  
í Leikskólafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2009

## Ágrip

Verkefnið *Hreyfing og hrynjandi, tónlistarefni fyrir leikskólabörn* er unnið af Ragnheiði Þóru Kolbeins leikskólakennara og er lokaverkefni í viðbótarnámi til B.Ed.-gráðu við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins er að útbúa kennsluefni í tónlist fyrir leikskólabörn og rökstyðja það með greinargerð um fræðilegar forsendur þess.

Verkefnið skiptist í tvennt. Annars vegar er um að ræða kennsluefni í tónlist fyrir leikskólabörn sem samanstendur af geisladiski með þrettán lögum með kennsluleiðbeiningum fyrir leikskólakennara þar sem samþætt er tónlist og hreyfing. Hins vegar er greinargerð um fræðilegar forsendur og uppbyggingu kennsluefnisins. Fyrri hluti greinargerðarinnar fjallar um tónlist sem þroskaþátt í lífi ungra barna og þar er lýst hvernig tónlist er skilgreind í aðalnámskrá leikskóla. Auk þess er gerð grein fyrir kenningum þýska tónskáldsins Carl Orff og kennslufræði bandaríska tónlistarkennarans Lynn Kleiner.

Í síðari hluta greinargerðarinnar eru tengslin milli fræða og vettvangs skoðuð með umfjöllun um námskrá og starfsáætlun Leikskólans Sólborgar en þar hefur höfundur starfað í fimmtán ár. Niðurstaða og afurð verkefnisins er kennsluefnið *Hreyfing og hrynjandi, tónlistarefni fyrir leikskólabörn* sem samanstendur af 13 sönglögum og fjölda leiðbeininga um notkun þeirra auk fræðilegs rökstuðnings. Efnið er ætlað jafnt ófaglærðu sem faglærðu starfsfólki leikskóla.

# Efnisyfirlit

	Bls.
<b>Ágrip</b> _____	<b>1</b>
<b>Efnisyfirlit</b> _____	<b>2</b>
<b>1. Inngangur</b> _____	<b>3</b>
<b>2. Tónlistaruppeldi</b> _____	<b>4</b>
<b>2.1 Aðalnámskrá leikskóla</b> _____	<b>4</b>
<b>2.2. Kenningar Carl Orff</b> _____	<b>5</b>
<b>2.3 Lynn Kleiner</b> _____	<b>7</b>
<b>3. Leikskólinn Sólborg</b> _____	<b>9</b>
<b>4. Tónlistarefnið Hreyfing og hrynjandi</b> _____	<b>11</b>
<b>4.1 Kynning</b> _____	<b>11</b>
<b>4.2 Hugmyndir og áherslur að baki tónlistarefninu</b> _____	<b>12</b>
<b>4.3 Áður en hafist er handa – skipulag tónlistarstunda</b> _____	<b>12</b>
<b>5. Lokaorð</b> _____	<b>15</b>
<b>Heimildaskrá</b> _____	<b>16</b>

## 1. Inngangur

Verkefnið sem hér er kynnt heitir *Hreyfing og hrynjandi, tónlistarefni fyrir leikskólabörn* og er lokaverkefni í viðbótarnámi til B.Ed-gráðu við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Lokaverkefnið skiptist í tvennt, annars vegar er um að ræða kennsluefni sem samanstendur af geisladiski og kennsluleiðbeiningum. Kennsluefnið er hugsað fyrir leikskólabörn þar sem samþætt er tónlist og hreyfing. Flutningur er í höndum Guðmundar Pálssonar tónlistarmanns sem einnig sá um upptökur. Hins vegar byggist lokaverkefnið á greinargerð um fræðilegar forsendur og uppbyggingu kennsluefnisins. Við val á viðfangsefni fyrir lokaverkefni lá beint við að velja eitthvað tengt tónlist en það námssvið hefur verið höfundu sérstaklega hugleikið á fimmtán ára starfsferli í leikskóla. Kennsluleiðbeiningarnar voru samdar með hliðsjón af lögnum og þeim möguleikum sem þau bjóða uppá. Mikilvægt er fyrir þann sem notar þetta kennsluefni að vera með opinn huga gagnvart því og leyfa sköpunarkraftinum að njóta sín en ljóst er að lögin má nota á margan og mismunandi hátt.

Greinargerðin skiptist í tvo meginhluta. Fyrri hlutinn fjallar um tónlist sem þroskaþátt í lífi ungra barna. Í því sambandi er aðalnámskrá leikskóla skoðuð með tilliti til þess hvernig tónlist er skilgreind þar. Kenningar þýska tónskáldsins Carl Orff eru skoðaðar sérstaklega sem og kennslufræði bandaríska tónlistarkennarans Lynn Kleiner sem byggir starf sitt á hugmyndafræði Orff. Sjónum var sérstaklega beint að tengslum milli fræða og vettvangs og í því sambandi var námskrá og starfsáætlun leikskólans Sólborgar skoðuð en hann hefur verið vinnustaður höfundar undanfarin fimmtán ár.

Í seinni hluta greinargerðarinnar er kynning á námsefninu sjálfu og kennsluleiðbeiningar sem eru byggðar þannig upp að efnið geti nýst jafnt ófaglærðu sem faglærðu starfsfólki leikskóla.

## 2. Tónlistaruppeldi

Tónlistartímar, söngstundir og hreyfing ættu að vera hluti af daglegu starfi í leikskólum. Þessum þáttum má blanda saman því þegar börn heyra tónlist er líklegt að þau hreyfi sig ósjálfrátt, dansi eða hoppi og syngi.

### 2.1 Aðalnámskrá leikskóla

Allir leikskólar á Íslandi byggja starf sitt á aðalnámskrá sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu 1999. Henni er skipt í sjö námssvið og er tónlist eitt þeirra Sérstök áhersla er lögð á að börn læri sem mest í leik og því er mikilvægt að börnunum séu skapaðar aðstæður fyrir frjálsum leik þar sem þau geta skapað og notið tónlistar. Þannig eru söngstundir algengar í dagskipulagi flestra leikskóla en þær gefa fjölmörg tækifæri til tónlistarflutnings og tónlistariðkunar. Börn eru alla jafna fljót að læra texta og sönglög og gefst gott tækifæri til þess að leyfa þeim að uppgötva og þróa færni sína í gegnum leik, hreyfingu og sköpun eigin tónlistar. (Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 24).

Í kaflanum um tónlistaruppeldi í aðalnámskrá leikskóla, er fjallað um megininntak tónlistaruppeldisins og taldir þættir sem iðka á í hverjum leikskóla. Þar er átt við söng, hreyfingu, hlustun og leik með hljóðgjafa. Söngur er þýðingarmikill þáttur og algengt að börn söngli eða rauli í frjálsum leik og mikilvægt er að veita þessari sjálfsprottu sköpun eftirtekt og örvun. Hreyfing og hrynjandi eru kynnt í námskránni sem einn þáttur og á að hvetja börn til frjálsrar túlkunar og skapandi hreyfingar þar sem þau tjá tilfinningar og hughrif sem tónlistin vekur hjá þeim. Hljóðgjafar og hljóðfæri eru einnig einn af þáttum námskrárinnar um tónlistaruppeldi og ber leikskólum að eiga hljóðfæri og gefa börnunum tækifæri til þess að prófa þau og nota. Hlustun er einnig mikilvæg í tónlistaruppeldi barna og eiga börn að fá tækifæri til þess að hlusta á margvísleg hljóð. Sé þetta gert markvisst er líklegt að barnið læri að skilja tónverk og greina hugblæ þess (Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 24-25).

Í kaflanum um hreyfingu í aðalnámskrá leikskóla er einnig fjallað um helstu þætti hreyfiuppeldis. Börn eiga að fá tækifæri til þess að hreyfa sig óhindrað því öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan þeirra. Leikir og dansar sem reyna á líkamann

veita þeim útrás fyrir því að hreyfa sig, en í hreyfileikjum læra þau einnig að velja, hafna og þora. (Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls.19)

## **2.2. Kenningar Carl Orff**

Þýska tónskáldið Carl Orff (1895–1982) kynnti ferli sem gæti tendrað eld í hugarheimi barna og boðið þeim að upplifa undur tónlistarinnar (Choksy, Abramson, Gillespie og Woods, 1986. bls. 92). Framlag Orffs í þágu tónlistaruppeldis má rekja til dálætis hans á dansi og sýn hans á hið fullkomna samband tónlistar og dans fyrir leikhús. Hann þróaði í samvinnu við dansarann Dorotheu Günther stílbrigði og dansform sem gáfu dönsurunum tækifæri til að spinna og tjá sig á frjálsari hátt en áður hafði þekkt. Í stað þess að byggja á hefðbundnu leikhúsi þar sem tónlistarmennirnir sátu í gryfjunni og dansararnir sýndu á sviðinu þá nýtti Orff sér gamlar þjóðlagahefðir og setti hljóðfæraleikarana á svið með dönsurunum. Þetta þótti merkileg nýjung á þeim tíma. Seinna meir fóru svo dansararnir sjálfir að leika á hljóðfærin, trommur, málmgjöll, tambúrínur og hrynstafi. Tónlistin var þannig ekki lengur viðbót við hreyfingu heldur örvandi tæki fyrir dansarana – tónlist og hreyfing urðu eitt og hið sama. Orff taldi að hrynþjálfun ætti að hefjast snemma í barnæsku og að samþætting tónlistar og hreyfingar fyrir börn væri grundvallaratriði (Choksy, o.fl.,1986, bls. 92-96).

Árið 1948 var leitað til Orff frá útvarpsstöð í München (Bayerischer Rundfunk) um að semja tónlist fyrir börn sem væri heppileg til spilunar í útvarpi. Lítil hlustun var í fyrstu á þessar útsendingar enda ekki margir sem höfðu aðgang að útvarpi á þessum fyrstu árum eftir seinni heimstyrjöldina. Hægt en öruggleg náði þessi tónlist eyrum Þjóðverja. Skólar sem höfðu útvarpstæki stilltu á þætti Orffs sem virkuðu spennandi og hvetjandi á börnin um að taka þátt og leika á hljóðfærin sem þau heyrðu spilað á.

Í dag tengja flestir nafn Orff við einföld hljóðfæri, en þau hafa verið framleidd frá árinu 1949. Orff-hljóðfæri þessi eru ýmis konar ásláttarhljóðfæri og í daglegu tali oft nefnd skólahljóðfæri. Þetta eru meðal annars trommur, hristur, hrynstafir, þríhorn, tambúrína, klukkuspil og tréspil af ýmsum stærðum.

Í bókinni *Teaching Music in the Twentieth Century* (1986) útskýra höfundar hugmyndafræði Orffs og hvernig hún byggir á *ferli* sem felur í sér könnun og upplifun. Stig af stigi er tónlistin endurskilgreind með því að upplifa hana og skynjunin færð áfram á flóknari stig könnunar og upplifunar. Rými, hljóð og form mynda grunn í fyrrnefndu könnunarferli, sem nú verður lýst nánar (Choksy, o.fl., 1986, bls. 92-96).

*Rýmiskönnun* er könnun á hreyfingum í rými. Börnin eru hvött til að kanna mismunandi hreyfingar sem geta verið léttar, þungar, niður, upp, inn, út, sléttar og jafnvel skörðóttar. Líkamsstöður og hreyfingar eru kannaðar án þess að nota samræður og án ákveðinnar íhlutunar kennarans. Farið er í gegnum hringlaga könnunarferli. Fyrst eru ytri hreyfingar kannaðar en þær geta verið ganga, hlaup, hopp, skrið, en innri hreyfingar geta verið andadráttur, hjartsláttur og púlssláttur. Í lok hringferlisins er komið aftur að ytri hreyfingum sem smám saman eru þá auknar og vitund um öndun og hjartslátt er samtvinnuð við göngu, hlaup, hopp og skrið. *Hljóðkönnun* hefst með umhverfishljóðum og óskipulögðum hljóðum. Dæmi um slík hljóð eru hundur að gelta, hurð að lokast, flugvélahljóð og hljóð frá hlut sem fellur. Því næst verða hljóðin skipulagðari, svo sem trommusláttur eða samsláttur hrynstafa. Börnin reyna sig þá við mismunandi hljóðgerðir, hörð hljóð, mjúk hljóð, tréhljóð, járnhljóð og skrölthljóð. Röddin er einnig könnuð og börnin uppgötva að hægt er að nota hana á marga vegu. Þau hljóð sem börnin framkalla munu styðja við tal þeirra og söng seinna meir.

*Formkönnun* á sér stað samhliða könnun rýmis og hljóðs. Hreyfingar verða að ákveðnu mynstri og mynstrin að dönsum. Stök hljóð verða að laglínu og laglínur að lögum. Þetta er árangursríkt samband milli dans og hljóða. (Choksy, o.fl., 1986, bls. 96-98 ).

Í hugmyndafræði Orffs eru eftirhermur notaðar sem grunnur sköpunar. Að herma eftir er elsta form þekkingaröflunar. Kennarinn er aðalleikarinn en úr hlutverki hans dregur jafnt og þétt eftir því sem börnin fá meiri reynslu og getu til eigin sköpunar.

Ferlið er því þannig: Fylgjast með - herma eftir - prófa - skapa. (Choksy, o.fl., 1986, bls.97).

Eins og fram hefur komið byggir hugmyndafræði Orff á að tengja saman tónlist og hreyfingu með því að samþætta söng, talrödd, hreyfingu, hlustun og hljóðfæri. Hugmyndafræði Orff er útbreidd í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu og byggja margir seinni tíma tónlistarkennarar kennslufræði sína á kenningum Orffs.

### **2.3 Lynn Kleiner**

Lynn Kleiner er bandarískur tónlistarkennari og stjórnandi tónlistarskólans Music Rhapsody í Los Angeles, Kaliforníu. Hún hefur starfað við kennslu ungra barna um árabíl þar sem foreldrar og börn njóta tónlistarnáms og upplifunar. Kleiner stýrir einnig tónlistarbúðum fyrir börn á aldrinum 5–14 ára, hefur víða haldið námskeið og er vinsæll fyrirlesari og gestur í menntastofnunum (Kleiner og Riddell, 1998, bls. 112).

Verðlaunamyndbönd hennar *Babies Make Music*, *Kids Make Music* og *Kids Make Music too* hafa notið mikilla vinsælda meðal foreldra og kennara yngri barna. Kleiner byggir aðferðir sínar og hugmyndir á kenningum Carls Orff þar sem lögð er áhersla á að tal, söngur, hljóðfærasláttur og hreyfing séu ein heild. Í bókinni *Kids Make Music Babies Make Music too* (Kleiner og Riddell, 1998, bls. 4-7) setur Kleiner ásamt Cecliu Riddell fram í vel skilgreindum þáttum þau atriði er þær telja mikilvægust við skipulag og mótun tónlistarkennslu yngri barna. Meginhugmyndir þeirra eru eftirfarandi:

*Kennarinn* er skapandi, kraftmikill og áhugasamur. Hann hefur ánægju af því að sitja með börnunum og taka þátt með þeim.

*Kennslustundirnar* innihalda leiki og söngva þar sem eintaklingurinn fær notið sín (sóló). Þær innihalda bæði formlegar og óformlegar hreyfiæfingar og hljóðfæraleik. Stundirnar byggja einnig á virkri hlustun sem felur í sér hreyfingu og hljóðfæraleik. Þá eru notaðir leikmunir og önnur hjálpartæki.

*Tónlistarherbergið* er án leikfanga og annarra kennslugagna. Sé slík aðstaða ekki fyrir hendi skal fjarlægja stóla, borð og annað sem dregið gæti úr athygli barnanna á viðfangsefninu. Rými þarf einnig að vera fyrir hringleiki og aðra fjálssa hreyfingu. Geymsla hljóðfæraanna þarf að vera þannig að þau séu ekki sýnileg utan tónlistarstunda.

*Hljóðfærin* þurfa að vera einföld að gerð en ekki leikföng. Þau eiga að hafa bestu mögulegu hljóðgæði og vera endingargóð. Hljóðfærin á að geyma aðskilin frá



leikföngum og öðrum kennslugögnum. Nauðsynlegt að þau séu til í því magni að allir nemendur geti leikið á samskonar hljóðfæri samtímis. Þegar hljóðfærin eru kynnt á að gera það á tónrænan og áhugaverðan hátt.

*Hjálpargögn* eru til að lífga upp á stundirnar og valin vegna þess að með þeim má kenna tónlistina. Þau eiga að vera persónuleg og tengjast efninu beint, svo sem litríkir hlutir, vandaðar bækur, loðtöflur og brúður. Hjálpargögnin á að geyma á sama hátt og hljóðfærin, í sérstakri hirslu.

*Söngvarnir* eiga að vera stuttir og hafa takmarkað tónsvið. Lög sem byggja á endurtekningu styrkja lagvissi barnsins. Lögin geti fljótlega verið sungin af barninu án aðstoðar fullorðinna og innihaldi einsöng og leiki, samhliða fjöldasöng.

*Skiptin* á milli kennsluþátta eru tækifæri til söngs. Mikilvægt er að kennslustundin gangi fyrir sig án tafa sem truflað geta einbeitingu barnanna.

Hljóðfærum er safnað saman fljótt og örugglega með aðstoð allra. Notið söng þegar gefnar eru bendingar um athafnir eins og að mynda hring, setjast niður og svo framvegis.

*Tónlistarframkomu* er hægt að læra. Kenna á virðingu fyrir tónlistinni og hljóðfærunum. Börnum á einnig að kenna að bera virðingu fyrir barninu sem syngur einsöng eða leikur sérstakan kafla í laginu á hljóðfæri. Ef virkri nálgun við tónlistarkennsluna er náð er jafnvel það eitt að hlusta saman á geisladisk tækifæri til að hreyfa sig, nota leikmuni eða leika með á hljóðfæri. (Kleiner og Riddell, 1998, bls. 4-7).

Lynn Kleiner leggur áherslu á mikilvægi kennarans í tónlistarstundunum, fjölbreyttar kennslustundir sem þó mega hafa endurtekningar og einnig að hægt sé að kenna virðingu fyrir tónlistinni. Kennslufræði hennar hentar vel til kennslu í leikskólum, þar sem börnum hentar að hafa fjölbreytt viðfagnsefni.

### 3. Leikskólinn Sólborg

Í suðurhlíð Öskjuhlíðar í Reykjavík er leikskólinn Sólborg sem tók til starfa vorið 1994. Sérstaða skólans felst í að boðið er uppá sameiginlegt nám fatlaðra og ófatlaðra barna. Stefnan tekur mið af hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar (e. *inclusion*). Skólinn leggur áherslu á að viðurkenna og virða margbreytileika barna og vinna með tilliti til ólíkra þarfa þeirra. Að jafnaði dvelja um 12 börn með sérþarfir í skólanum og hafa heyrnarlaus og heyrnarskert börn sótt leikskólann frá árinu 1994.

Heildtæk skólastefna / nám án aðgreiningar snýst um vinnubrögð og leiðir að markmiðum leikskólans sem lúta að jafnrétti, gildi og virðingu einstaklingsins. Lagt er ríkt á um að þróa leikskólastarf þar sem komið er til móts við þarfir getubreiðs hóps barna. Einnig á að móta og þróa leikskólastarf sem byggir á samvinnu fag- og uppeldisstétta og stuðla að samábyrgð allra starfsmanna á barnahópi leikskólans (Námskrá Sólborgar, 2002, bls. 4).

Námskrá Sólborgar var gefin úr í fyrsta sinn í september 2002 og hefur hún tvíþætt hlutverk. Annars vegar að vera stjórnþæki fyrir innra starf leikskólans og hins vegar að veita upplýsingar um leikskólastarfið. Í námskránni kemur fram að ekki sé rétt að byggja eingöngu á einni kenningu eða aðferð í leikskólastarfinu þar sem reynt er að mæta einstaklingsbundnum þörfum barna í sameiginlegu umhverfi (Námskrá Sólborgar 2002, bls. 6). Fram kemur að tónlistaruppeldi leikskólans eigi að stuðla að því að barnið þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjandi svo og frumkvæði til frjálsrar skapandi tjáningu og túlkun á tónlist, en þannig megi styrkja sjálfsmynd og félagsþroska barnanna (Námskrá Sólborgar, 2002, bls. 15). Um tónlist sem námssvið segir í námskránni að hún fær sérstaka og aukna athygli annað hvert ár í leikskólastarfinu. Að öðru leyti eru söngstundir á stofum og í sal skólans reglulegur þáttur í skólastarfinu, þar sem börnin eru hvött til að tákna um leið og þau syngja. Íslenskt táknmál er eitt af tungumálum skólans og eru tákni sett við söngtexta svo allir fái þá notið söngstundanna (Námskrá Sólborgar, 2002, bls. 15).

Við leikskólann starfar leikskólasérkennari (n. audiopedagog) sem sinnir ráðgjöf um kennslu heyrnarkertra og heyrnarlausra barna. Áhersla er lögð á að kenna heyrnarskertu börnunum að læra að hlusta, að þekkja hljóð í umhverfi sínu og ýmis skipulögð hljóð auk þess að nota röddina. Markmiðið er að heyrnarskertu börnin fái öfluga mál- og heyrnarþjálfun og læri að nýta sem best þá heyrn sem þau hafa með aðstoð heyrnartækja (Leikskólinn Sólborg, e.d.). Er þetta í samræmi við hugmyndir og áherslur Carls Orff um að könnun á hljóði hefjist með óskipulögðum hljóðum og því næst komi að því að læra skipulagðari hljóð eins og trommu- og stafaslátt (Choksy, o.fl., 1986, bls. 96-98).

Skipulagðar tónlistarstundir í leikskólanum hafa verið byggðar upp með svipuðum hætti og kennslufræði Kleiner. Unnið er með nokkur stutt verkefni þar sem blandað er saman söng, hreyfingu og hljóðfæraleik. Hljóðfærasafn leikskólans er gott og auk Orff hljóðfæraanna eru heimatilbúin hljóðfæri svo sem hristur og trommur mikið notaðar. Mikið er sungið og dansað og reglulega stíga börnin á stökk og flytja söng- eða tónlistaratriði. Samvinna kennara er mikil og stöðug leit er að lögum sem hægt er að nýta í tónlistarstundum. Skortur á aðgengilegu tónlistarefni og ein lítil kassetta með lögum eftir Ellu Jenkins, svo sem *Play your instruments and make a pretty sound* og *Stop and go*, hefur svo sannarlega verið kveikjan að tónlistarefninu, *Hreyfing og hrynjandi, tónlistarefni fyrir leikskólabörn*. Ella Jenkins er bandarískur tónlistarkennari sem hefur sinnt tónlistarkennslu og útgáfu efnis fyrir börn í ríflega 50 ár og eftir hana liggja 28 hljómplötur. Hún er sjálfmenntaður tónlistarmaður sem hóf feril sinn á að kenna í barnaskólum vítt og breytt um Ameríku. Aðferðin sem hún beitir við sönginn er nefnd kall-og-svar (e. call-and-response) en þessi aðferð hvetur til almennrar þátttöku allra í hópnum. Aðferðin er þekkt í menningu víða um heim, frá Grikklandi til Mið-Austurlanda og Vestur-Afríku og felur í sér að leiðtogi eða leiðtogar syngja hendingu og henni er svo svarað af hópnum með sömu eða svipaðri hendingu. Þessi aðferð brýtur niður múra á milli flytjandans og áheyrenda og gerir alla viðstadda að flytjendum. Með því að hvetja til virkrar þátttöku er líklegra að myndist, hlýleg hópstemning, samvinna á meðal þátttakenda, aukinnar sönggleði. Með aðferðinni eru öll börn hvött til að leiða söng, skapa sínar eigin útgáfur og gera tilraunir með alls kyns hljóð. Þetta gefur börnunum færi

á að hugsa sjálfstætt, þroska með sér leiðtogaþæfileika og að spinna. Þættir þessir leiða svo til aukins sjálfstrausts hvers og eins.(Ella Jenkins, e.d.).

## **4. Tónlistarefnið *Hreyfing og hrynjandi***

Við gerð tónlistarefninsins voru tveir þættir sem skiptu höfuðmáli við samningu laganna og ritun kennsluleiðbeininga. Gott samstarf mitt og Guðmundar sem sá um útsetningar, flutning og upptökur á lögnum. Einnig hvatning og aðstoð samstarfsfólks sem leitaði að tónlistarefni sem hægt væri að grípa til þegar unnið var með hljóðfærin sem til eru í Sólborg.

### **4.1 Kynning**

Tónlistarefnið sem hér er kynnt byggist annars vegar á geisladiski með þrettán frumsömdum lögum. Lögin eru ýmist fyrir dans- og hreyfileiki eða hljóðfæraleik en í lögnum heyrast í skólahljóðfærunum (Orff-hljóðfærunum) sem eru meðal annars trommur, hristur, hrynstafir, þríhorn, tambúrína, klukkuspil og tréspil af ýmsum stærðum. Hverju lagi fylgja einnar síðu leiðbeiningar sem innihalda sömu þætti fyrir hvert lag. Fyrst er nefnt heiti lags og svo númer þess á geisladisknum. Þá er tilgreind tímalengd lagsins. Markmið aðalnámskrár leikskóla um hreyfingu og tónlist á við allt tónlistarefnið en í leiðbeiningunum eru talin þau markmið sem tengjast sérstaklega hverju lagi og viðeigandi hreyfi- eða hljóðfæraleik. Þá er framkvæmd lýst í stuttu máli, hvað á að gera og hvernig eigi að bera sig að, til dæmis í dansi eða við hljóðfæraleik. Að lokum eru talin þau áhöld eða þær aðstæður sem henta hverju lagi.

Eins og áður sagði eru öll lögin á geisladisknum, sem og dans- og hljóðfæraleikirnir sem þeim tilheyra, samin af Ragnheiði Þóru Kolbeins og Guðmundi Pálssyni. Við gerð laganna reyndi mikið á samvinnu höfunda. Hugmyndir, stef, taktur og hrynjandi að lögnum komu frá Ragnheiði Þóru sem ýmist söng þau, raulaði, klappaði taktinn og dansaði. Guðmundur greip þau á lofti, kom oft með gagnlega endurgjöf og setti þau í það form sem þau eru á geisladisknum. Dansarnir voru samdir á svipaðan hátt. Hins vegar verður flestum þeim ljóst sem þekkja til hugmynda Ellu Jenkins að takturinn í lögum númer tvö, þrjú og níu ber sterkan keim af hennar verkum. Svipaða sögu er að segja af

hugmyndum um hvernig skólahljóðfæri svokölluðu eru notuð í lögum númer fjögur og ellefu sem rekja má til aðferða Lynn Kleiner.

Lögunum á disknum er ekki raðað í sérstaka röð fyrir utan að í upphafi er taktfastur göngumars og í lokin er rólegt lag. Að öðru leyti má nota efnið í þeirri röð sem hentar hverju sinni. Allt tónlistarefnið hefur verið prófað með leikskólabörnum sem gaf dýrmæta sýn á hvað var gott og hverju mætti helst breyta. Þannig var til dæmis *Stopplagið* til í tveimur útgáfum – hægt og hratt – því börnin báðu um að fá að leika það hraðar.

#### **4.2 Hugmyndir og áherslur að baki tónlistarefninu**

Við mótnun tónlistarefnisins var margt sem hafði áhrif og hugmyndir komu víða að. Áðurnefnd Orff, Kleiner og Jenkins voru áhrifamest í tengslum við uppbyggingu tónlistarefnisins, val á hljóðfærum og leikjum. Eins hefur reynsla mín kennt mér að margt starfsfólk leikskóla treystir sér illa til að standa fyrir tónlistarstundum. Það ber því við að það geti hvorki sungið né leikið á hljóðfæri og hafi ekki aðgengilegar leiðbeiningar á íslensku. Lítið er til af kennsluefni fyrir leikskóla um tónlist og hreyfingu með leiðbeiningum sem ekki krefjast mikils undirbúnings og aðgengilegt er hverjum sem er. Nýútkomin bók Elfu Lilju Gísladóttur, *Hring eftir hring*, bætir vissulega úr skák en þar eru ítarlegar og vandaðar leiðbeiningar fyrir þá sem vilja kynna sér vel tónlistaruppeldi barna í leikskólum.

Við gerð tónlistarefnisins voru hugmyndir bandarísku kennaranna Hart og Mantell (1993, bls. 7) um tónlistarsköpun barna hafðar í huga. Þeir segja að eitthvað töfrum líkast búi í hverjum manni. Það búi í okkur öllum og brýst fram þegar við syngjum, klöppum eða hreyfum okkur í takt við hljómfallið. Við losum um höft, leysum tóna úr læðingi og það hríslast um okkur þægileg vellíðan.

#### **4.3 Áður en hafist er handa – skipulag tónlistarstunda**

Þegar börn byrja að spila á hljóðfæri er nauðsynlegt að kynna þeim umgengnisreglur um hljóðfærin og fá þau til þess að umgangast þau af nærgætni eins og fram kemur í

kennslufræði Kleiner. Undir þetta tekur Elfa Lilja Gísladóttir í bók sinni *Hring eftir hring* (2009, bls. 83) og bendir einnig á að slík hljóðfæri ættu að vera til í hverjum leikskóla og gefa börnum tækifæri til þess að skoða þau og prófa. Þannig læra börnin mismunandi hljóm hljóðfæranna og hvernig megi beita þeim. Einnig er gott að hafa mottur sem þau geta lagt fyrir framan sig og sett hljóðfærin á. Það hjálpar þeim að afmarka sér sitt svæði og einbeita sér að sínu hljóðfæri. Börnin geta einnig skipt um hljóðfæri ef þau vilja eða þeim leyft að skiptast á. Mikilvægt er að hafa í huga þegar sungið er með börnum að tónhæð barnsraddarinnar er hærri en fullorðinna og hefja þarf sönginn út frá þeirra raddhæð. Börnin eiga að syngja en ekki endilega kennarinn, hann getur sungið án raddar með hvetjandi látbragði sérstaklega ef hann nær ekki hæstu tónunum.

Undirbúningur byggist meðal annars á því að taka strax til öll gögn sem nota á og gott er að gera ráð fyrir óvæntum uppákomum, en börnin verða þess fljótt áskynja ef stjórnandinn er óöruggur og hefur ekki allt til reiðu. Gott er að hafa tónlistarstundirnar með ákveðinni dagskrá eða formi sem er endurtekið þótt innihaldið sé mismunandi. Þannig eiga börnin betra með að ná fótfestu og verða öruggari með hlutverk sitt og um leið meira gefandi. Í tónlistarefninu er mælt með fjórskiptri uppbyggingu hvernar stundar sem eru inngangur, frjáls tími, verkefni og svo lok. *Inngangur* getur verið margvíslegur og er þá val hvers starfsmanns. Hugmynd er að setjast á gólfið og haldast í hendur, bjóða börnin velkomin og syngja eitt lag, t.d. nafnalag. *Fjálssi tíminn* felst í því að leyfa börnunum að skoða það hljóðfærasafn sem nota á hverju sinni. *Verkefnin* eru eitt eða fleiri lög af geisladisknum sem nota á í tónlistarstundinni, en að sjálfsögðu má bæta við öðrum almennum sönglögum. Í lokin er gengið frá, allir setjast niður og ljúka stundinni til dæmis með því að þakka fyrir stundina.

Í aðalnámskrá leikskóla (1999, bls. 24-25) er bent á mikilvægi þess að gefa börnum tækifæri og rými til þess að hreyfa sig og dansa og tónlistarkennsla leikskólabarna þurfi að taka mið af margskonar upplifun og skynjun. Mikilvægt er því að hafa í huga hvernig börnin læra og að kenna þeim hvaða reglur gilda í tónlistarstundum (Anderson og Lawrence, 2001, bls. 7).

Hlutverk leikskólakennara er þannig marþætt en ætti fyrst og fremst að felast í því að *kynna* fyrir börnum tónlist og tónlistarupplifun sem námssvið og með því er undirbúinn jarðvegur fyrir sköpun barnanna í framtíðinni. Þannig felst hlutverk leikskólakennara ekki í því að *kenna* tónlist sem slíka heldur að virkja börnin og kveikja áhuga. Undir þetta tekur Hamann (1991, bls. 8) í bók sinni um tónlistarsköpun barna þegar hann leggur áherslu á að ekki er hægt að *kenna* sköpunargáfu og því snúist hlutverk kennarans um að gefa börnunum tækifæri og rými til þess að þau geti prófað sjálf, að örva þau og hvetja með því að gefa tónlistinni rými í námsskránni. Þau verða þannig betur í stakk búin til þess að yfirfæra það sem þau hafa prófað og lært yfir á aðrar aðstæður. Í útskýringum á uppbyggingu tónlistarkennslustunda taka Kleiner og Riddell (1998, bls. 2-7) í svipaða strengi þegar þær segja að kennslustundirnar verði að innihalda bæði leiki og söngva sem feli í sér óformlegar og formlegar hreyfiæfingar og hljóðfæraleik þar sem börnin fá að kanna efniviðinn og leika sér frjáls.

## 5. Lokaorð

Gerð þessa lokaverkefnis hefur verið dýrmætt lærdómsferli sem mig óraði ekki fyrir í upphafi. Ég lagði af stað með litla hugmynd um að búa til aðgengilegt tónlistarefni á íslensku fyrir allt starfsfólk leikskóla. Niðurstaðan eru þrettán lög frumsamin af höfundunum Ragnheiði Þóru Kolbeins, leikskólakennara og Guðmundi Pálssyni, tónlistarmanni. Þau eru byggð á hugmyndum sérfræðinga um tónlistaruppeldi ungra barna og minni eigin reynslu. Við öflun heimilda og lestur þeirra hef ég lært margt sem mun nýtast mér í starfi um ókomin ár. En lærdómur minn snýr ekki bara að lestri heimilda heldur ekki síst þeirri ótrúlega skemmtilegu þraut að skrifa læsilegan texta þar sem vel er farið með heimildir.

Ljóst er að við gerð þessa verks hef ég notið stuðnings margra. Fyrst ber að nefna börnin í leikskólanum mínum sem prófuðu tónlistarefnið með mér, en þau voru mér mikil hvatning sem reyndist mér dýrmæt á þeim stundum þegar mér fannst ég hafa tekist of mikið í fang. Samstarfsfólki þakka ég einnig einlæga hvatningu og gagnlegar ábendingar. Sigríði Pálmadóttur, Lektor við Háskóla Íslands, faglegum leiðbeinanda mínum, fæ ég seint fullþakkað fyrir vandaðar ráðleggingar og hlýlega leiðsögn. Eiríksínu Kr. Ásgrímsdóttur, bókmenntafræðingi og barnakennara, þakka ég góð ráð og yfirlestur. Manni mínum og fjölskyldu þakka ég þolinmæði, stuðning og yfirlestur.

Vona ég að sem flestir hafi sama gagn og gaman af þessu tónlistarefni og ég hef haft.



## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla.* (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Anderson, W. M. og Lawrence, J. E. (2001). *Intergrating Music into the Elementary Classroom.* Belmont: Thomson Learning, Inc.

Choksy, L., Abramson, R. M., Gillespie, A. E., og Woods, D. (1986). *Teaching Music in the Twentieth Century.* New Jersey: Prentice Hall, Inc.

Elfa Lilja Gísladóttir. (2009). *Hring eftir hring.* Reykjavík: Elfa Lilja Gísladóttir.

Hamann, D. L. (1991). *Creativity in the Music Classroom.* Virginia: Music Educators National Conference.

Hart, A. og Mantell, P. (1993). *Kids make Music. Clapping and Tapping from Bach to Rock.* Vermont: Williamson publishing.

Kleiner, L. og Riddel, C. (1998). *Kids make Music, Babies make Music, too!* Miami: Warner Bros. Publications.

Palmer, M. og Sims, L.W. (1993). *Music in Prekindergarten: Planning and Teaching.* Virginia: Music Educators National Conference.

## Vefheimildir

Jenkins, Ella. Sótt 7. apríl 2009 af

<http://www.ellajenkins.com/pages/press/mediaframeset.html>,

*Námskrá Sólborgar* (2002). Sótt 16. mars 2009 af

[http://solborg.is/images/stories/namskra\\_solborgar.pdf](http://solborg.is/images/stories/namskra_solborgar.pdf)

<http://solborg.is/images/stories/baklingurheyrnarerfileikar.pdf>

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

# Hreyfing og hrynjandi

Tónlistarefni fyrir leikskólabörn

Ragnheiður Póra Kolbeins

010466-4669

Háskóli Íslands  
Menntavísindasvið  
Kennaradeild, leikskólakennarafræði  
Apríl 2009

**[Baksíða titilblaðs]**

**Leiðbeinandi:** Sigríður Pálmadóttir, Lektor við Háskóla Íslands

**Tónlist & upptökur:** Guðmundur Pálsson

**Yfirlestur:** Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, bókmenntafræðingur og barnakennari